

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 2002

19. febrúar 2002

321

Nr. 132

REGLUGERÐ um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 22. febrúar 2002 til og með 30. apríl 2002, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. febrúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

8. febrúar 2002

Nr. 133

REGLUGERÐ um breyting á byggingarreglugerð nr. 441/1998, með síðari breytingum, (bréfastassar).

1. gr.

Grein 80.2 orðast svo:

Bréfastassi er kassi í eða við aðsetur viðtakanda ætlaður fyrir móttöku bréfastótsendinga. Í þéttbýli og annars staðar þar sem pósthúsið fer fram er sett það skilyrði fyrir útburði að kassar eða bréfastar séu á eða við útihurðir ein-, tví- og þrívílishúsa, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan inngang skulu húseigendur setja upp bréfastassamstæður. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur